

Ed.

71. Frumvarp

til laga um vita, sjómerki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Efri deild).

1. gr.

Vita, leiðarljós, sjómerki, dufl eða önnur leiðbeiningarmerki fyrir skip má ekki setja upp nema með leyfi stjórnarráðsins. Sá, sem óskar að koma upp einhverju þesskonar leiðbeiningarmerki, hvort sem það er hafnarnefnd, sýslunefnd, hreppsnefnd eða einstakur maður, verður að senda stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess, ásamt nákvæmri lýsingu á hinu fyrirhugaða merki, legu þess og tilgangi.

Stjórnarráðið bindur leyfið þeim skilyrðum, er þurfa þykir, eða neitar um það, ef merkið telst skaðlegt.

2. gr.

Eigandi eða umráðandi leiðbeiningarmerkis ber ábyrgð á því, að merkinu sé ávallt haldið í góðu standi og það fullnægi skilyrðum þeim, sem selt voru, þá er leyfið var veitt. Vanræki hann þetta, má stjórnarráðið eftir atvikum láta taka merkið burt á hans kostnað.

3. gr.

Leiðbeiningarmerkjum má ekki breyta nema með leyfi stjórnarráðsins og verður því umráðamaður, sem breyta vill merki, að leita til þess leyfis stjórnarráðsins að minsta kosti 2 mánuðum áður en hann ætlar að koma breytingunni á, og ef hann vill leggja merki niður, þá ber honum að tilkynna stjórnarráðinu það með 2 mánaða fyrirvara, enda sé honum ekki skylt að halda merkinu við

áfram. En skyldur er hann þá að nema merkið svo rækilega burt, að á því verði ekki vilst á eftir.

4. gr.

Nú bilar leiðbeiningarmerki, og skal þá eigandi eða umráðandi senda tafarlaust stjórnarráðinu tilkynning um bilunina með símskeyti og hraðboða eftir atvikum, og ber honum að koma merkinu í lag sem allra fyrst. Þegar merkið er komið í lag, skal hann senda stjórnarráðinu tilkynning um það.

5. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald og niðurlagning leiðbeiningarmerkja ná einnig til merkja þeirra, sem til eru, er lögin öðlast gildi.

6. gr.

Auglýsa skal í Lögbirtingablaðinu allar breytingar, er verða á vitum og öðrum leiðbeiningarmerkjum fyrir skip, og ennfremur gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þær verði auglýstar utanlands eftir því sem með þarf og á þann hátt, sem tíðkast hefir hingað til.

7. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfesting hafnarreglugerða, að sett séu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sé kröfum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Hafnarnefndum er skylt að láta nema burt úr höfnum eða leiðum inn á þær skipsflök eða annað, er hefir sokkið þar eða rekið þangað og getur valdið skaða skipum, er þangað leita eða þar liggja, eða leggja þar út dufli til viðvornar, að minsta kosti til bráðabirgða.

Kostnað þann, sem af þessu leiðir, greiðir hafnarsjóður. Fari kostnaður fram úr 300 krónum, greiðir þó landssjóður það, sem umfram er, eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Kostnað af duflum ber þó hafnarsjóður einn.

Nú verður ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða leiðar á höfn, og sker stjórnarráðið þá úr.

8. gr.

Þegar hafnsögumenn verða þess varir, að leiðbeiningarmerki á því svæði, þar sem þeir eru hafnsögumenn, eru í ólagi, ber þeim að gera hlutaðeigandi lögreglustjóra viðvart um það tafarlaust.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 200 kr., og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.